

240/41

Fundur haldinn í héraðsráði þriðjudaginn 20. mars 2007 kl. 10:00 á skrifstofu Höfðahrepps.

Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Adolf H. Berndsen og Tryggvi Jónsson.

Dagskrá:

1. Rekstur Sæborgar
 2. Viðbygging verknámshús FNV.
 3. Fundur með Skagfirðingum um byggingareftirlit
 4. Grunnskólar
 5. Kvennaskólinn
 6. Viðhald fasteigna
 7. Önnur mál.
-
1. Forstöðumaður Sæborgar mætti á fundinn og gerði grein fyrir rekstri heimilisins. Mikil fækkun hefur orðið á vistmönnum úr 11 í 7 vonir standa til að aukning verði í hjúkrunarrýmum úr 3 í 5 reiknað er með staðfestingu á næstu dögum. Farið var yfir viðhaldspörf og var framkvæmdastjóra falið að ræða við Línuhönnun um viðgerðir á vatnslögnum.
 2. Erindi frá bæjarstjóra Blönduósbæjar um viðbyggingu við Verknámshús FNV, Þar sem framvísað er erindi sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar um málið. Héraðsráð tekur jákvætt í erindið og mun vísa því til fundar í héraðsnefnd þegar samningur við ráðuneytið liggur fyrir.
 3. Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur staðfest vilja sveitarfélagsins til viðræðna um samstarf á byggingareftirliti. Samþykkt var að óska eftir fundi um málið.
 4. Kristinn Kristjánsson er væntanlegur til að kynna sér rekstur grunnskólanna vegna skoðunar á rekstri þeirra. Guðjóni Ólafsson mun verða honum til aðstoðar.
 5. Gerð hefur verið verðkönnun vegna framkvæmda við Kvennaskólann þ.e. endurnýjun frárennislislagna, niðurrif á viðbyggingu og viðgerð á þaki. Verður tekin afstaða til framkvæmdanna á næstu dögum.
 6. Farið var yfir skýrslu Línuhönnunar um ástand og viðhaldspörf fasteigna í eigu og umsjá héraðsnefndar. Framkvæmdastjóra falið að gera tilögur um forgangsröðun og áætlaðan kostnað fyrir næsta fund.
 7. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 12:00.

Valgarður Hilmarsson

Tryggvi Jónsson

Adolf H. Berndsen